

Erindi til bæjarráðs Ísafjarðar.

Vesturport í samstarfi við RÚV hefur á teikniborðinu átta þátta leikna sjónvarpsseríu sem ber heitið VERBÚÐ. Undirritaður og Gísli Örn Garðarsson eru aðalhöfundar og leikstjórar þáttanna sem okkur langar að taka upp á Ísafirði og nágrenni. Tökur munu standa yfir í 3 mánuði í ársbyrjun 2020.

Eins og allir vita er fjármögnun á íslensku efni mjög erfið og jafnvel þó okkur langi að taka þættina upp að öllu leyti fyrir vestan verður að viðurkennast að því fylgir umtalsvert meiri kostnaður en ella. Gisting og matur fyrir starfsliðið vegur þar þyngst en að staðaldri verða um 40-50 manns starfandi við verkefnið. En við viljum gera allt sem við getum til að koma vestur og höfum verið í sambandi við gott fólk. Fyrstan ber þar að nefna Elías Guðmundsson hjá Fisherman sem hefur verið okkur innan handar síðan hugmyndin kom upp. Birna Jónasar hefur komið að málinu og síðasta sumar hittum við, þá sitjandi bæjarstjóra Þórdísi Sif og Sirrý frá Vestfjarðastofu og sögðum þeim frá verkefninu.

Við viljum með þessu bréfi koma á samtali við bæjaryfirvöld og vonandi getum við í sameiningu farið yfir nokkrar hugmyndir okkar um mögulega aðild aðila fyrir vestan að verkefninu.

Við erum ávallt reiðubúin að koma vestur og ræða betur um verkefnið ef þess er óskað.

Með bestu kveðju,
Björn Hlynur Haraldsson